

til 15. sept. Aukafund skal halda, þegar nauðsyn krefur svo og ef $\frac{1}{5}$ lækna, sem sæti eiga í ráðinu, óska þess eða tveir stjórnarmanna. Fund skal boða skriflega og að jafnaði með viku fyrirvara.

Dagskrá skal fylgja fundarboði. Skýrsla stjórnar um stjórnarathafnir milli funda er fastur dagskrárliður. Við afgreiðslu mála ræður einfaldur meirihluti atkvæða, og er samþykkt lögmæt, ef fullur helmingur þeirra, sem atkvæðisrétt eiga í ráðinu, er á fundi.

Náist ekki næg fundarsókn, skv. þessu ákvæði, skal boða til annars fundar innan mánaðar, og er sá fundur lögmætur án tillits til fundarsóknar.

6. gr.

Reglugerðarbreytingar.

Læknaráðið getur gert tillögur til breytinga á reglugerð þessari og skulu slíkar tillögur kynntar og afhentar skriflega á síðasta fundi fyrir aðalfund og síðan skulu þær ræddar og bornar undir atkvæði á aðalfundi. Til samþykktar á slíkri tillögu þarf $\frac{2}{3}$ hluta greiddra atkvæða.

Reglugerð þessi staðfestist hér með skv. 2. gr. sjúkrahúsalaga nr. 54 10. júlí 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi reglur um yfirlæknaráð Landspítalans og Rannsóknarstofu Háskólans við Barónsstíg, nr. 138 11. júní 1964.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. desember 1969.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

Nr. 292.

REIKNINGUR

Fiskveiðasjóðs Íslands 1968.

Efnahagsreikningur 31. desember 1968.

Eignir :

1. Útlán gegn 1. veðrétti í skipum	kr. 1 765 050 946.59
2. Bráðabirgðalán til innl. skipasmíði	— 78 348 455.66
3. Fasteignalán	— 244 708 309.33
4. Stofnlán A—F	— 347 013 905.40
5. Skuldaskilalán	— 381 800.00
6. Verðbréf	— 42 381 387.95
7. Ýmsir skuldunautar	— 6 761 169.95
8. Bankainnstæður	— 8 334 643.98

Kr. 2 492 980 618.86

Skuldir :

1. Skuldir við innlenda banka	kr. 326 288 095.95	
Framkvæmdasjóður, PL 480	— 28 224 650.00	
		kr. 354 512 745.95
2. Skuldir í erlendri mynt	—	266 832 330.95
3. Framlagsreikningur Seðlabanka, Landsbanka, Útvegsbanka	—	159 733 000.00
4. Innstæður lántakenda vegna erlendra skipakaupa	—	654 937.608.80
5. Viðskiptamenn	—	14 592 685.27
6. Stofnsjóður fiskiskipa	—	63 689 926.00
7. Stofnsjóður	—	900 000 000.00
8. Varasjóður	—	2 224 735.00
9. Afskriftareikningur	—	75 000 000.00
10. Yfirfært til næsta árs	—	1 457 586.89
		<hr/>
		Kr. 2 492 980 618.86

Reykjavík, 29. marz 1969.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Eliás Halldórsson.

Guðjón Halldórsson.

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikningsfærslu og bókhald sjóðsins á árinu, fylgiskjöl, lánsskjöl, verðbréf og bankareikninga og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 11. apríl 1969.

Einar Bjarnason. Sverrir Júlíusson.

Með vísun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ársreikninga sjóðsins 1968 rétta.

Reykjavík, 30. apríl 1969.

Davið Ólafsson. Jóhannes Eliasson. Pétur Benediktsson.
Jón Axel Pétursson. Jónas G. Rafnar.

Með skírskotun til framanritaðra yfirlýsinga endurskoðenda og sjóðsstjórnar eru ársreikningar Fiskveiðasjóðs Íslands 1968 hér með staðfestir.

Reykjavík, 30. apríl 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.